

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 116/2025

2025/EES/46/27

frá 8. maí 2025

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2862 frá 12. nóvember 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 21 ⁽¹⁾.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir lið 10bb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 2862:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2862 frá 12. nóvember 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2862, 13.11.2024).“

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2862, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2862, 13.11.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2862/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.